

REGLUR

um doktorsnám á félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

I. KAFLI

Almennar reglur félagsvísindasviðs.

1. gr.

Doktorsnám á félagsvísindasviði.

Á félagsvísindasviði er unnt að stunda nám til doktorsprófs á fræðasviðum þar sem deildir meta að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi, enda sé viðkomandi deild heimilt að bjóða upp á slíkt nám samkvæmt ákvæðum X. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Markmið doktorsnáms er að veita nemendum viðtæka og trausta rannsóknarþjálfun og gera þá færa um að stunda sjálfstæð vísindastörf.

Reglur um doktorsnám á félagsvísindasviði eru settar í samræmi við 47., 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms.

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands, sbr. 66. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Standa ber skil á upplýsingum og gögnum sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands kallar eftir.

2. gr.

Vísindanefnd félagsvísindasviðs og fastanefndir deilda.

Vísindanefnd félagsvísindasviðs fer með málefni doktorsnáms á fræðasviðinu, s.s. almenna stefnumótun, samstarf, upplýsingamiðlun, samræmingu og önnur málefni sem deildir og stjórn félagsvísindasviðs kunna að fela henni.

Í vísindanefnd sitja formenn þeirrar fastanefndar hvern deildar sem fer með málefni framhaldsnáms. Forseti félagsvísindasviðs skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn. Forseti skipar auk þess einn doktorsnema í nefndina til sama tíma. Forseta er heimilt að fela hagsmunasamtökum doktorsnema á sviðinu að tilnefna hann, enda sé ekki skilyrði að fulltrúinn sé þar félagsmaður. Fulltrúi doktorsnema tekur ekki þátt í meðferð mála eða ákvörðunum um einstaka doktorsnema, þ.m.t. ákvörðunum um inntöku nemenda.

Með nefndinni starfa rannsóknastjóri félagsvísindasviðs, verkefnisstjóri doktorsnáms og rannsóknna, sem og gæðastjóri sviðsins sem er starfsmaður nefndarinnar, eða aðrir, samkvæmt ákvörðun sviðsforseta.

Formaður vísindanefndar félagsvísindasviðs á sæti í vísindanefnd háskólaráðs. Sviðsforseti getur ákveðið að hann sé jafnframt tengiliður fræðasviðsins við Miðstöð framhaldsnám.

Fastanefndir deilda fara með málefni doktorsnáms, nema ákveðið sé í reglum þessum að tiltekinni deild sé heimilt að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna því hlutverki að hluta eða öllu leyti, sbr. 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Fastanefndir deilda, eða vísindanefnd félagsvísindasviðs ef við á, hafa umsjón með inntöku og eftirliti með námsframvindu, skipan doktorsnefndar og fylgist með að samræmis sé gætt í verklagi og viðmiðum, kröfum og skyldum sem móta námið og umgjörð þess. Áður en skipaður er leiðbeinandi, eða tillaga gerð um slíka skipun, skal haft samráð við deildarforseta. Hafi deild falið vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar skal vísindanefnd sviðs hafa samráð við fulltrúa viðkomandi deildar eftir því sem við á og getur nefndin fundað með fulltrúum fastanefndar eða námsbrautar til að ræða mál sem tengjast einstökum málum og doktorsverkefnum.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Um umsóknarfrest fer eftir reglum Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar eru birtar í kennsluskrá Háskóla Íslands og á vef Háskóla Íslands.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsókn skal skilað í viðeigandi innritunargátt Háskóla Íslands á sérstöku rafrænu eyðublaði. Fylgiskjólum skal skilað á sama stað.

Stjórnsýsla félagsvísindasviðs fer yfir umsóknir og staðfestir að öll gögn fylgi umsókn. Fastanefndir deilda félagsvísindasviðs, eða vísindanefnd félagsvísindasviðs ef við á, fjalla um umsóknir og afgreiða þær í samræmi við sérreglur deilda. Fulltrúar deilda í vísindanefnd félagsvísindasviðs eru í forsvari fyrir umsóknir í eigin deildum, að höfðu samráði við deildarforseta í samræmi við 16. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði.

Einstaklingur sem hefur lokið meistaraprófi (kandidatsprófi) með fyrstu einkunn að jafnaði eða sambærilegu prófi við viðurkenndan háskóla getur sótt um doktorsnám við deild á félagsvísindasviði. Að jafnaði skal meistaraprófið innihalda 30 ECTS lokaritgerð. Hafi umsækjandi ekki lokið meistaraprófi (kandidatsprófi) eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn skal viðkomandi sýna fram á hæfni sem er sambærileg að mati fastanefnda deilda eða vísindanefndar félagsvísindasviðs. Einstökum deildum félagsvísindasviðs er heimilt að setja skilyrði til viðbótar ofangreindum inntökuskilyrðum.

Heimilt er að sækja um doktorsnám áður en meistaraprófi er lokið enda liggja fyrir staðfesting um námslok með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur þó aldrei hafist fyrr en meistaránámi er lokið.

Umsókn er samþykkt eða henni synjað á grundvelli undirstöðuþekkingar og faglegs bakgrunns umsækjanda ásamt mati á rannsóknarverkefningu, raunhæfni þess (svo sem tíma, umfangi, bjargráðum, áhættuþáttum og fjármögnun) sem og sérþekkingu innan deildarinnar. Við inntöku skal taka mið af aðstöðu og svigrúmi innan deilda til að taka inn doktorsnema.

6. gr.

Einingafföldi og tímalengd náms.

Doktorsnám á félagsvísindasviði er að lágmarki 180 einingar (ECTS) og að hámarki 210 einingar (ECTS) og samanstendur af doktorsritgerð og námskeiðum og öðru vinnuframlagi, samkvæmt nánari tilgreiningu í reglum þessum varðandi einstakar deildir. Námskeiðum skal almennt lokið á fyrstu tveimur árum doktorsnámsins, eða áður en 2/3 hlutum doktorsritgerðar er lokið.

Doktorsnemi skal ljúka doktorsnámi sínu við félagsvísindasvið á þremur til fimm árum en hámarksnámsstími getur þó verið lengri ef sérstakar ástæður eiga við. Heimilt er að stunda hlutanám hluta námstímans að fengnu samþykki doktorsnefndar og fastanefndar deildar eða eftir atvikum vísindanefndar félagsvísindasviðs og getur hámarksnámsstími þá verið sjö ár, nema sérstakar ástæður eigi við. Telji doktorsnemi að sérstakar ástæður eigi við og óski eftir undanþágu frá framangreindum tímamörkum skal hann leggja fram beiðni um undanþágu til eins árs í senn til fastanefndar deildar eða eftir atvikum vísindanefndar félagsvísindasviðs eigi síðar en sex mánuðum áður en hámarksnámsstíma er náð.

7. gr.

Tengsl meistara- og grunnnáms við doktorsnám.

Óheimilt er að nota meistararitgerð sem uppistöðu í doktorsritgerð. Þó er heimilt að halda áfram rannsóknum sem eru á sama eða skyldu rannsóknarsviði. Námskeið í grunnnámi BA- eða BS-námi eða samsvarandi námi geta aldrei verið hluti af bóknámi doktorsnema.

8. gr.

Leiðbeinandi.

Doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda. Leiðbeinandi doktorsnema skal að jafnaði vera akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) viðkomandi deildar félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Leiðsögn með doktorsnemum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Leiðbeinendur skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda samkvæmt við-

miðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. Á félagsvísindasviði gegnir leiðbeinandi að jafnaði hlutverki og skyldum umsjónarkennara samkvæmt reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Þegar við á getur doktorsnemi haft tvo leiðbeinendur, aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda. Annar þeirra skal vera akademískur starfsmaður í viðkomandi grein og gegna skyldum umsjónarkennara.

Hlutverk leiðbeinanda er að veita doktorsnema leiðsögn við vinnslu doktorsverkefnis og fylgjast með vinnu hans. Doktorsnemi ráðfærir sig við leiðbeinanda um gerð rannsóknaráætlunar, skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu.

Komi upp ágreiningur milli nemanda og leiðbeinanda (eða doktorsnefndar) getur nemandi vísað málinu til deildarforseta, sbr. 16. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Fastanefnd deildar, eða vísindanefnd sviðs ef við á, skal benda nemanda á að unnt er að leita til umboðsmanns doktorsnema.

Hætti leiðbeinandi (eftir atvikum meðleiðbeinandi) störfum skal deild leitast við að útvega nýjan leiðbeinanda eftir því sem kostur er. Deildir eru þó ekki skuldbundnar til að útvega nýjan leiðbeinanda.

9. gr.

Doktorsnefnd: skipan og hlutverk.

Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda, sem er formaður nefndarinnar og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviði ritgerðar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal vera utan háskólans (æskilegt er að hann sé frá erlendum háskóla eða rannsóknastofnun). Nefndarmenn skulu búa yfir sérfræðipækkingu á sviði doktorsnefnis og hafa doktorspróf eða jafngildi þess. Einn nefndarmannanna, hið minnsta, skal skipaður áður en rannsóknaráætlun er skilað. Að öðru jöfnu skal doktorsnefnd vera fullskipuð að loknu miðbiksmati doktorsnema, sbr. 10. gr.

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við rannsóknar- og námsáætlun og tryggja fagleg gæði. Doktorsnefnd fundar með doktorsnema eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Doktorsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd miðbiksmats doktorsnema, sbr. 10. gr. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álit til fastanefndar deildar, eða vísindanefndar sviðs ef við á, um hvort veita skuli doktorsnema heimild til þess að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

10. gr.

Tilhögun náms og námsframvinda.

Doktorsnemi gerir, í samráði við leiðbeinanda, nákvæma rannsóknaráætlun og tímaáætlun, ásamt áætlun um dvöl erlendis eða alþjóðlega skírskotun doktorsnámsins með öðrum hætti.

Rannsóknaráætlun skal liggja fyrir eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir upphaf náms. Áætlunin skal lögð fyrir doktorsnefnd til samþykktar sem þá er skipuð a.m.k. einum nefndarmanni auk leiðbeinanda. Náminu verður því aðeins fram haldið að nefndin samþykki áætlunina. Veigamiklar breytingar á rannsóknaráætlun og/eða tímaáætlun eru háðar samþykki doktorsnefndar og fastanefndar deildar, eða vísindanefndar félagsvísindasviðs ef við á.

Doktorsnemi skal virða samþykktu rannsóknaráætlun og tímamörk í námi. Doktorsnemar gangast undir miðbiksmat sem fer að jafnaði fram við lok annars námsárs. Vísindanefnd félagsvísindasviðs hefur eftirlit með námsframvindu doktorsnema og annast miðbiksmat í þeim deildum sem fela henni það.

Ef nemandi stundar hlutanám er heimilt að miðbiksmat fari fram í lok þriðja námsárs. Í miðbiksmati er framkvæmt ítarlegt mat á þekkingu doktorsnemans. Athugasemdir doktorsnefndar skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja leiðbeiningar um úrbætur ef við á. Ef staða verkefnisins þykir óviðunandi að mati doktorsnefndar getur nefndin gefið nemandanum frest, að hámarki sex mánuði, til að gera úrbætur, að öðrum kosti verður námi ekki fram haldið. Ef doktorsnemi telur að athugasemdir doktorsnefndar eigi ekki við rök að styðjast getur hann óskað eftir því að deildarforseti fjalli um málið, sbr. 50. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Æskilegt er að doktorsnemar taki virkan þátt í málstofum doktorsnáms í sinni eigin deild, í málstofum doktorsnema á félagsvísindasviði, eða hvoru tveggja. Doktorsnemi kynni þannig eigin verk einu sinni á ári hið minnsta og taki virkan þátt í umfjöllun um verkefni annarra. Æskilegt er að doktors-

nemar komi rannsóknarverkefni sínu á framfæri erlendis og leggi af mörkum í fræðilegri umræðu á sínu fræðasviði.

Doktorsnemi skal skila skýrslu um námsframvindu samkvæmt reglum skólans. Rannsóknar-áætlun, tímaáætlun og virkni, svo sem þátttaka í málstofum og framlag til umræðu á eigin fræðasviði, liggja til grundvallar þegar framvinda er metin.

11. gr.

Mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema.

Leiðbeinandi, í samráði við doktorsnefnd, samþykkir námskeið innan Háskóla Íslands og námskeið sem tekin eru við aðra háskóla. Eingöngu námskeið sem eru vottuð af háskólum og eru til eininga koma til greina. Nánar er mælt fyrir um mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi í ákvæðum er varða einstakar deildir í reglum þessum.

12. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsókn með ritgerð. Doktorsritgerð er ýmist eitt heildstætt verk eða samanstendur af vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Hún skal uppfylla kröfur um vísindaleg vinnubrögð og vera sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Doktorsritgerð skal að öðru jöfnu ekki vera lengri en 100 þúsund orð. Hún skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því. Sé sú leið valin að leggja fram doktorsritgerð sem samanstendur af vísindagreinum skal semja yfirlit (kápu) þar sem fjallað er um kenningar viðfangsefnis rannsóknarinnar og aðferðafræðilega nálgun ásamt því að dregnar eru saman heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Samsett doktorsritgerð skal, að yfirliti (kápu) undanskildu, að lágmarki vera þrjár vísindagreinar. Doktorsnemi skal vera aðalhöfundur tveggja greina hið minnsta. Fyrir aðrar greinar gildir að framlag doktorsnemans sé veigamikild. Gera skal grein fyrir framlaginu í yfirlýsingu sem fylgja skal ritgerð og er í samræmi við siðareglur háskóla-anna um vísindarannsóknir. Allar greinar skulu standast kröfur um alþjóðleg gæðaviðmið. Að öðru leyti er mælt fyrir um kröfur til doktorsritgerða í ákvæðum reglna þessara er gilda fyrir einstakar deildir.

13. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir skulu valdir af fastanefnd deildar eða vísindanefnd félagsvísindasviðs ef við á og samþykktir af Miðstöð framhaldsnáms. Viðkomandi nefnd getur óskað eftir tillögum frá leiðbeinanda og doktorsnefnd. Einungis þeir sem hafa lokið doktorsprófi eða jafngildi þess geta verið andmælendur við doktorsvörn á félagsvísindasviði. Báðir andmælendur skulu vera utan sviðs og er æskilegt, ef fært er vegna tungumáls, að þeir komi frá erlendum háskóla eða vísindastofnun.

14. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerða.

Þegar doktorsnemi hefur lokið ritgerð sinni skal doktorsnefnd senda fastanefnd deildar, eða vísindanefnd sviðs ef við á, rökstutt erindi þess efnis að ritgerð sé tilbúin til varnar.

Telji fastanefnd deildar, eða vísindanefnd sviðs ef við á, ritgerð uppfylla formkröfur er hún send andmælendum í vel frágengnu lokahandriti a.m.k. þrem mánuðum áður en áformað er að vörn fari fram. Innan sex vikna skulu andmælendur hafa sent skrifstofu félagsvísindasviðs rökstudda umsögn um hvort ritgerðin sé tæk til varnar og ef við á ábendingar um það sem betur má fara og hvort nauðsynlegt er að gera tilteknar breytingar áður en vörn getur farið fram.

Forsendur þess að doktorsvörn fari fram er að doktorsefnið hafi gert nauðsynlegar lagfæringar og breytingar að dómi andmælenda og doktorsnefndar áður en vörn fer fram. Uni doktorsefni ekki niðurstöðu andmælenda og doktorsnefndar getur hann skotið máli sínu til deildarforseta, sbr. 50. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Við skil og frágang á doktorsritgerð skal fylgt leiðbeiningum félagsvísindasviðs þar að lútandi og verklagsreglum um rafræn skil og vistun doktorsritgerða. Í ritgerðinni skal koma skýrt fram að rit-

gerðin hafi verið unnin við Háskóla Íslands ásamt nafni deildar og fræðasviðs. Geta skal þeirra sjóða háskólans og annarra aðila sem hafa styrkt verkefnið. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku og ensku. Doktorsefni ber ábyrgð á prentun og útgáfu ritgerðar og skal hún liggja fyrir fjórum vikum fyrir vörn.

15. gr.

Námsferilsyfirlit.

Þegar doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit doktorsnema sem deild og nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

16. gr.

Skyldur nemenda.

Um réttindi og skyldur nemenda gilda ákvæði reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands, viðmiða og krafna um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands, siðareglna háskólanna um vísindarannsóknir og siðareglna Háskóla Íslands.

17. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína opinberlega á þeim degi sem viðkomandi deild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf, sbr. 61. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Félagsvísindasvið setur nánari verklagsreglur um framkvæmd doktorsvarna.

II. KAFLI

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

18. gr.

Vísindanefnd.

Vísindanefnd félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr. Í vísindanefnd deildar eiga sæti einn fulltrúi frá hverri námsbraut deildar, eftir því sem við á.

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild er heimilt á fundi að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar að hluta eða öllu leyti.

19. gr.

Einingafföldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild er 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum á fræðasviðum doktorsverkefnis.

20. gr.

Doktorsnefnd.

Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar eða eftir atvikum vísindanefnd félagsvísindasviðs.

21. gr.

Doktorsritgerð.

Samsett doktorsritgerð skal að lágmarki vera þrjár vísindagreinar. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum. Þriðja greinin skal hafa verið send til birtingar í samsvarandi tímarit sem og, eftir atvikum, aðrar greinar. Doktorsnemi skal að lágmarki vera fyrsti höfundur tveggja greina og skal að minnsta kosti önnur þeirra vera samþykkt til birtingar.

III. KAFLI Félagsráðgjafardeild.

22. gr.

Vísindanefnd.

Vísindanefnd félagsráðgjafardeildar gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr. Í vísindanefnd deildar eiga sæti þrjú fulltrúar frá deild og skal formaður hennar vera fulltrúi deildar í vísindanefnd félagsvísindasviðs. Nefndin er kosin af deildarfundi. Félagsráðgjafardeild er heimilt á fundi að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar að hluta eða öllu leyti.

23. gr.

Einingafjöldi og tímallengd náms.

Doktorsnám við félagsráðgjafardeild er samsett úr 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum í aðferðafræði og á fræðasviði doktorsverkefnis.

24. gr.

Málstofur í doktorsnámi.

Á meðan á doktorsnámi stendur skal nemandi gera grein fyrir eða kynna verkefni sitt á þremur málstofum sem hver um sig er forsenda fyrir næsta áfanga. Að málstofunum standa vísindanefnd deildar, leiðbeinandi og fastir kennarar deildar.

Fyrsta málstofa er haldin á fyrsta misseri doktorsnáms. Þar kynnir nemandi og ver rannsóknaráætlun sína. Vísindanefnd deildar skipar andmælanda. Að kynningu lokinni þurfa nefndin og leiðbeinandi að samþykkja rannsóknaráætlun. Að því búnu skipar vísindanefndin doktorsnefnd.

Önnur málstofa skal haldin þegar leiðbeinandi og doktorsnemi telja að verkið sé hálfnað. Þessi málstofa getur komið í stað miðbiksmats. Vísindanefnd skipar andmælanda, sem ekki er í doktorsnefnd en er kennari við annan háskóla eða aðra deild. Að lokinni málstofu skilar andmælandi skriflegri greinargerð um efnið, efnistöð og gagnasöfnun.

Þriðja málstofa skal haldin þegar doktorsnefnd telur að doktorsritgerð sé á lokastigi. Vísindanefnd skipar andmælanda sem er ekki í doktorsnefnd og utan deildar. Hann skilar munnlegri og skriflegri greinargerð um hvað megi betur fara í lokahandriti til doktorsnema og doktorsnefndar. Að því búnu tekur doktorsnefnd ákvörðun um hvort ritgerð er tæk til varnar.

25. gr.

Leiðbeinandi og doktorsnefnd.

Doktorsnefnd skal skipuð af deild að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd félagsráðgjafardeildar. Doktorsnefnd skal skipuð leiðbeinanda og tveimur til fjórum sérfræðingum á fræðasviðinu. Að minnsta kosti einn þeirra skal vera utan deildar. Leiðbeinandi er formaður doktorsnefndar.

26. gr.

Doktorsritgerð.

Doktorsritgerð skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því. Ef doktorsnemi óskar eftir að skrifa ritgerð á öðru tungumáli þarf hann að sækja um undanþágu til vísindanefndar deildar með rökstuðningi. Ef doktorsritgerð er samsett skal hún að lágmarki vera þrjú vísindagreinar. Doktorsnemi skal vera aðalhöfundur (þ.e. að jafnaði fyrsti höfundur) tveggja greina hið minnsta. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar og hinar skulu hafa verið sendar til birtingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni.

IV. KAFLI Hagfræðideild.

27. gr.

Vísindanefnd.

Í hagfræðideild starfar vísindanefnd sem gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr. Í vísindanefnd hagfræðideildar sitja fulltrúi deildar í vísindanefnd félagsvísindasviðs og a.m.k. tveir aðilar sem kosnir

eru á deildarfundi. Samráð skal haft við deildarforseta eftir því sem við á. Skipað skal í nefndina til þriggja ára í senn. Hagfræðideild er heimilt að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar að hluta eða öllu leyti.

28. gr.

Inntökuskilyrði.

Meistarapróf í hagfræði með góðum árangri er að jafnaði skilyrði fyrir inntöku í doktorsnám við hagfræðideild. Ef um þverfaglegt doktorsnám er að ræða er heimilt að samþykkja umsókn umsækjanda með meistarapróf af öðru fræðasviði. Í slíkum tilvikum skal inntaka nemanda byggjast á sérstökum rökstuðningi fyrir því að skráning í hagfræðideild sé hinu þverfaglega doktorsnámi til framdráttar. Við inntöku ákveða leiðbeinandi og vísindanefnd félagsvísindasviðs hvort nemandi þurfi að taka námskeið á fræðasviði doktorsverkefnis.

29. gr.

Uppbygging doktorsnáms.

Doktorsnám felst að jafnaði í sérhæfingu í námskeiðum og sjálfstæðri rannsókn sem lýkur með doktorsritgerð. Doktorsnám við hagfræðideild er 180 ECTS doktorsritgerð, auk allt að 30 ECTS í námskeiðum á fræðasviði doktorsverkefnis samkvæmt ákvörðun leiðbeinanda og vísindanefndar félagsvísindasviðs við inntöku. Vísindanefnd félagsvísindasviðs getur, að höfðu samráði við leiðbeinanda, gert kröfu um að nemandi ljúki tilteknum námskeiðum. Verði ágreiningur á milli leiðbeinanda og doktorsnefndar, ræður álit vísindanefndar félagsvísindasviðs. Hluti námskeiðanna geta verið lesnámskeið og skal þá vísindanefnd félagsvísindasviðs tilnefna umsjónarmann eða menn með hverju námskeiði í samráði við deildarforseta. Umsjónarmenn ákveða kröfur í viðkomandi námskeiðum og skera úr um hvort nemandi hafi staðist þær. Æskilegt er að doktorsnemi stundi hluta náms síns við viðurkennda erlenda mennta- eða rannsóknastofnun.

30. gr.

Doktorsnefnd.

Vísindanefnd félagsvísindasviðs skipar doktorsnema doktorsnefnd eftir að hann hefur lagt fram rannsóknaráætlun. Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu umsjónarkennara (aðalleiðbeinanda). Í doktorsnefnd skal vera a.m.k. einn prófessor.

31. gr.

Námsmat og eftirlit með námsframvindu.

Vísindanefnd félagsvísindasviðs hefur eftirlit með námsframvindu doktorsnema hagfræðideildar og annast miðbiksmat þeirra.

Nemar í doktorsnámi skulu halda hið minnsta eina málstofu á ári í deildinni. Æskilegt er að doktorsefni reyni að koma vinnu sinni á framfæri erlendis og taki þátt í fræðilegum fundum og ráðstefnum sem tengjast efni hans eða hennar.

Leiðbeinandi, doktorsnefnd og vísindanefnd félagsvísindasviðs geta, saman eða hver í sínu lagi, kannað almenna fræðilega þekkingu doktorsefnis á viðkomandi sviði.

32. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Efni lokaritgerða skal vera hæft til útgáfu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum í hagfræði.

V. KAFLI

Lagadeild.

33. gr.

Skipan og hlutverk vísindanefndar.

Deildarfundur í lagadeild kýs þriggja manna vísindanefnd sem gegnir hlutverki fastanefndar, sbr. 2. gr.

34. gr.

Viðbótarinntökuskilyrði.

Sá sem hefur lokið grunnnámi og meistaraþrófi (kandidatsþrófi) eða sambærilegum prófum í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum háskóla getur sótt um að hefja doktorsnám við lagadeild.

Vísindanefnd getur gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í því tungumáli sem hann óskar eftir að skrifa doktorsritgerð á með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

Sá sem hefur stundað doktorsnám í lögfræði við annan viðurkenndan háskóla getur sótt um að hefja doktorsnám við lagadeild enda liggja fyrir mat vísindanefndar á fyrra námi.

35. gr.

Einingaföldi og tímalengd náms.

Doktorsnám við lagadeild er 180 einingar (ECTS). Samhliða samningu ritgerðar skal doktorsnemi stunda nám eins og gert er ráð fyrir í rannsóknaráætlun. Námskeið, verkefni og annað framlag doktorsnema skal jafngilda 30 af 180 einingum (ECTS) en doktorsritgerð 150 einingum (ECTS).

Námskeið sem doktorsnema er skylt að sækja skulu m.a. vera fólgin í fræðslu um undirstöðuþekkingu á sviði lögfræðirannsókna, þ. á m. rannsóknaraðferðir. Ef, að mati leiðbeinanda og doktorsnefndar, er talin þörf á að bæta enn frekar við undirstöðuþekkingu doktorsnema er heimilt að gera kröfu um að hann leggi stund á bóknám sem svari til allt að 30 eininga (ECTS), auk framangreindra 180 eininga.

36. gr.

Mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema.

Við mat á námskeiðum og öðru vinnuframlagi doktorsnema skal fylgja eftirfarandi viðmiðum:

1. Námskeið ætluð doktorsnemunum sem haldin eru á vegum norræna samstarfsnetsins Jurforsk Nordic (e. Nordic Network for Legal Research Education) skulu metin til eininga (ECTS) í samræmi við það sem tilgreint er í námskeiðslýsingu og/eða kennsluáætlun.
2. Einnig er hægt að meta til eininga:
 - a. Námskeið, ráðstefnur, málstofur og sumarskóla sem beint er að doktorsnemunum/rannsakendum, þ. á m. doktorsnámskeið sem haldin eru fyrir doktorsnema annarra háskóla en þeirra sem falla undir norræna samstarfsnetið sem tilgreint er í 1. tölul.
 - b. Námskeið á vegum viðurkenndrar menntastofnunar á háskólastigi á öðru fræðasviði en lögfræði og kynni doktorsnema fyrir nýju fræðasviði sem þýðingu hefur fyrir rannsókn hans, t.d. á sviði tölfraði, hagfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, málfræði, lýðheilsu o.s.frv.
 - c. Kennsla við lagadeild viðurkennds háskóla að hámarki til 6 eininga (ECTS).
 - d. Að öðru leyti skal kennsla og fræðslustarf að jafnaði ekki metið til eininga nema því sé beint að doktorsnemunum/rannsakendum og hafi þýðingu fyrir rannsókn doktorsnemans.
3. Mat á einingum fyrir þátttöku í námskeiðum og öðru samkvæmt 2. tölul. skal ákveðið með svofelldum hætti:
 - a. Hver eining (ECTS) svarar til 25 vinnustunda, þar sem unnt er að meta til eininga undirbúning (t.d. skyldulesefni), mætingu, virka þátttöku (t.d. fyrirlestur eða framsögu) og eftirfylgni (t.d. skýrslugjöf).
 - b. Styttri kynningar doktorsnema á eigin rannsókn eru ekki metnar til eininga.
 - c. Formleg fræðileg kynning á rannsókn doktorsnema (t.d. undanfarandi kynning fyrir doktorsvörn) skal metin til 1–2 eininga (ECTS) eftir umfangi.
 - d. Sjálfstæður fyrirlestur eða kynning á ráðstefnu skal metin til 1–2 eininga (ECTS) eftir umfangi.
 - e. Að jafnaði skal hver heill dagur á námskeiði, ráðstefnu o.s.frv. metinn til 1 einingar (ECTS). Í undantekningartilvikum er heimilt að veita 2 einingar (ECTS) eða meira fyrir hvern dag af námskeiðum sem krefjast mikils undirbúnings og/eða mikillar virkrar þátttöku af hálfu þátttakenda.

4. Að lágmarki 12 einingar (ECTS) skulu vera vegna þátttöku í námskeiðum um undirstöðuþekkingu á sviði lögfræðirannsókna, þ. á m. rannsóknaraðferðir.
5. Að öðru leyti skal við mat á einingum samkvæmt þessari grein styðjast við leiðbeiningar JurForsk.

Doktorsnemi ber ábyrgð á að halda saman öllum gögnum sem máli skipta, s.s. bréfum, lýsingum á námskeiðum, dagskrám ráðstefna og málstofa, viðurkenningum, staðfestingum og öðru sem máli getur skipt vegna matsins.

Doktorsnemi leitar bréflega eftir því að vísindanefnd meti vinnu til eininga. Beiðni skal fylgja stutt greinargerð og rökstuðningur ef 2. eða 3. liður 1. mgr. á við.

Að fenginni tillögu vísindanefndar um afgreiðslu tekur deildarfundur ákvörðun um hvort doktorsnemi hafi lagt fram fullnægjandi gögn og skýringar og skal deild tilkynna ákvörðunina bréflega.

37. gr.

Afgreiðsla umsóknar og leiðbeinandi.

Deildarfundur tekur afstöðu til umsóknar um doktorsnám, að fenginni skriflegri umsögn vísindanefndar. Ef fallist er á umsókn skal deildarfundur skipa leiðbeinanda samhliða þeirri afgreiðslu, að fenginni tillögu vísindanefndar.

Deildarfundur getur heimilað, að tillögu vísindanefndar, að doktorsnemi hafi tvo leiðbeinendur, aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda. Aðalleiðbeinandi er þá jafnframt umsjónarkennari doktorsnemans. Skipun aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda ef við á er háð samþykki vísindanefndar og skal kynnt á deildarfundi.

Mögulegt er að sækja um undanþágu frá reglu um að aðalleiðbeinandi sé fastráðinn akademískur starfsmaður (prófessor, dósent eða lektor) við lagadeild. Skal þá sótt um það til deildar. Skal þá meðleiðbeinandi vera fastur akademískur starfsmaður deildar og gegna hlutverki og skyldum umsjónarkennara.

38. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsritgerð í lagadeild getur verið ritgerð eða safn fræðigreina sem mynda samstæða heild. Lengd ritgerða skal taka mið af efni og uppbyggingu hverju sinni. Ef doktorsritgerð er skrifuð á íslensku skal útdráttur og samantekt vera á ensku eða öðru tungumáli.

Ef doktorsritgerð samanstendur af fræðigreinum skulu þær að lágmarki vera þrjár, að jafnaði þrjár til fimm, eða fleiri ef um fjölhöfundagreinar er að ræða, og skal a.m.k. hluti þeirra birtur á erlendum vettvangi. Að jafnaði skulu greinarnar vera birtar áður en vörn doktorsritgerðar fer fram. Þó er heimilt að ljúka doktorsnámi þó birting greina hafi ekki átt sér stað enda liggja fyrir staðfesting ritstjórnar viðkomandi tímarits eða bókar á því að ritrýni sé lokið og greinin sé samþykkt til birtingar.

Í upphafi doktorsritgerðar sem samanstendur af fræðigreinum skal vera sérstök yfirlitsgrein (kápa), sbr. 6. málslíð 12. gr.

VI. KAFLI

Stjórn málafræðideild.

39. gr.

Vísindanefnd.

Vísindanefnd stjórn málafræðideildar gegnir hlutverki fastanefndar. Stjórn málafræðideild er heimilt á fundi að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar að hluta eða öllu leyti.

40. gr.

Einingafjöldi.

Doktorsnám við stjórn málafræðideild samanstendur af 180 ECTS doktorsritgerð og 30 ECTS í námskeiðum á fræðasviðum doktorsverkefnis.

41. gr.

Doktorsnefnd.

Doktorsnefnd skal skipuð að tillögu leiðbeinanda og samþykkt af vísindanefnd deildar, eða eftir atvikum vísindanefnd félagsvísindasviðs.

42. gr.

Doktorsritgerð.

Samsett doktorsritgerð skal að lágmarki vera þrjár vísindagreinar. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum viðkomandi fræðasviðs. Doktorsnemi skal vera aðalhöfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni. Ein grein til viðbótar, hið minnsta, skal hafa verið send til ritrýningar.

VII. KAFLI

Viðskiptafræðideild.

43. gr.

Doktorsnámsnefnd.

Doktorsnámsnefnd viðskiptafræðideildar gegnir hlutverki fastanefndar. Viðskiptafræðideild er heimilt á fundi að fela vísindanefnd félagsvísindasviðs að gegna hlutverki fastanefndar að hluta eða öllu leyti.

44. gr.

Einingafjöldi.

Doktorsnám við viðskiptafræðideild er 180 einingar (ECTS), þ.e. doktorsritgerð sem er 180 einingar og eftir atvikum doktorsnámskeið sem ákveðin eru af leiðbeinanda í samráði við nemanda. Námskeiðseiningar eru ekki hluti af einingafjölda doktorsnáms. Málstofur doktorsnema í viðskiptafræðideild eru skyldunámskeið meðan á doktorsnámi stendur. Leiðbeinandi getur jafnframt farið fram á að doktorsnemi taki námskeið á meistarastigi sem lið í undirbúningi sínum.

45. gr.

Málstofur.

Doktorsnemendur í viðskiptafræðideild þurfa á meðan doktorsnámi stendur að kynna verkefni sín, að lágmarki, einu sinni á ári á doktorsmálstofu deildar. Kynning verkefna á doktorsmálstofu er skylda og fá nemendur 2 ECTS einingar fyrir hverja málstofu. Fullnægjandi námsárangri hvers árs telst ekki náð fyrr en lágmarkskrafan er uppfyllt.

46. gr.

Doktorsritgerð.

Um samsettar doktorsritgerðir gildir eftirfarandi:

Fjöldi greina: Fjórar.

Samþykktar til birtingar: Af þessum fjórum skulu tvær greinar vera samþykktar til birtingar og þriðja greinin komin vel áleiðis í ritrýniferli, þ.e. samþykki fyrir endurvinnslu og endursendingu til ritstjórnar tímarits (e. revise and resubmit) og sú fjórða send á tímarit.

Greinar birtar í alþjóðlegum viðurkenndum tímaritum: Birtingarvettvangur greinanna skal standast viðmið Scopus, Web of Science eða efsta flokks í norrænum gagnagrunnum.

Doktorsritgerð sem heildstætt verk: Ef nemandi velur að skrifa eitt heildstætt verk (e. monograph) skal framlag að baki því verki vera sambærilegt ofantöldum kröfum.

47. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 47. og 68.–69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum félagsvísindasviðs og stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi reglur nr.

Nr. 488

8. apríl 2024

500/2011 um doktorsnám við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Reglurnar gilda um doktorsnema sem skráðir eru til náms eftir gildistöku þeirra og einnig um alla doktorsnema sem skráðir eru til náms við gildistöku reglnanna, nema að því leyti sem eldri reglur eru nemandanum hafgældari.

Háskóla Íslands, 8. apríl 2024.

Jón Atli Benediktsson.

Dórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 22. apríl 2024